Tvisvar í mánuði

VERKALÝÐS-BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Fræðslufundir EIK(m-l)

1. FUNDUR laugardag 1. oktober kl.3

í prentarasal

Efni fundarins eru málefni Afríku. Framsaga og umræður. Allir velkomnir. Munið stað og stund: Prentarasal, Hverfisgötu 21, laugard. 1.okt, kl.15.00.

Verðhækkanir í sífellu

SJÁ BAKSÍÐU

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (M-L) 3. ÁRGANGUR 10. TBL. 20. SEPTEMBER - 5. OKTÓBER 100 kr.

BSRB: Sýnið verkfalls-rétt ykkar!

Í síðustu samningum sínum við ríkisvaldið fengu opinberir starfsmenn formlega viðurkenningu á rétti sínum til að fara í verkfall. Þessi samningsbundna viðurkenning var þó alls ekki án skilyrða. Satt að segja eru þau svo ströng að það er tæplega hægt að segja að um fullan verkfallsrétt sé að ræða, heldur verkfallsrétt með leyfi dómsvaldsins, sem ríkisvaldið jú ræður yfir.

Stórir hópar opinberra starfsmanna eru láglaunahópar og mjög fáir hafa laun sem liggja yfir því sem reiknað er með að venjuleg fjölskylda þurfi sér til framfærslu, þ.e. um 150 þús. á mánuði fyrir dagvinnu.

Opinberir starfsmenn eiga við voldugan fjanda að etja - ríkisvaldið, enda er þessi hópur launþega sá síðasti sem fær viðurkenndan verkfallsrétt, þó mjög skammtaður sé.

Í þeim samningum sem nú standa yfir er það mest áríðandi fyrir opinbera starfsmenn að tryggja þennan sjálfsagða rétt sinn svo að hann verði skýr og óskoraður, að engar hömlur verði settar á þann skýlausa rétt allra að geta neitað því á skipulegan hátt að selja vinnuafl sitt á verði sem liggur langt undir því sem það kostar að endurnýja það, þ.e. að lifa mannsæmandi og áhyggjulausu lífi. Því verða opinberir starfsmenn að vera óhræddir að beita verkfallsvopninu og hika ekki við að gera það. Það kostaði baráttu að fá verkfallsréttinn formlega viðurkenndan - það mun kosta enn meiri baráttu að viðhalda réttinum og gera verkfallsvopnið svo beitt að það dugi til síns brúks.

Lærum af reynslunni.

Iðnnemar í Landssmiðjunni ógnuðu með verkfalli. Þeir unnu fullan sigur án verkfalls. Landssmiðjan vissi að ef til verkfalls kæmi þá yrði það verkfall iðnnemanna sjálfra - beitt og innihaldsríkt verkfall - en ekki verkfall sem stjórnað er frá skrifstofu í stóru húsi af mönnum sem hafa annarra hagsmuna að gæta en iðnnema. Verkamenn á bílaverkstæði Kaupfélagsins á Selfossi fóru í verkfall er einn starfsfélaga þeirra var beittur miklu óréttu. Verkfallið var þeirra og þeir unnu sigur.

Opinberir starfsmenn - beitið verkfallsvopninu, gerið verkföllin að ykkar verkföllum. Þetta færir ykkur sigur í launabaráttunni.

Lokun frystihúsanna: HVAR ER GRÓÐINN?

ÞORGAR ÞAÐ SIG EKKI LENGUR AÐ DRAGA FISK ÚR SJÓ, ÞÓ ÖLL NÝASTA TÆKNI SÉ NOTUÐ? JÚ, ÞAÐ BORGAR SIG OG ÞESS VEGNA ERU LÍKA STÆRSTU EINOKUNARAUÐFÉLÖGIN Í FISKI -SÍS OG SH. SJÓMENN! ÞANGAÐ FER GRÓÐINN!

Vegna "gjaldþrotalokana" og fjöldauppsagna í frystihúsum Suðvestanlands, sem atvinnurekendur segja stafa að miklu leyti af því að kaup hafi hækkað um of (!) er rétt að hafa í huga eftirfarandi:

Á síðasta ári hækkuðu söluverðmæti ísl. sjávarafurða á Bandaríkjamarkaði (stærsti markaður Íslendinga) um jafngildi 12 milljarða króna í beinhörðum dollurum, miðað við fyrra ár. Þessi hækkun nemur um 50%. Alla þessa sölu annast auðhringarnir tveir, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Sambandið. Með þetta í huga ber að taka varlega kveinstafi um erfiðleika frystihúsanna og sjávarútvegs yfirleitt.

Hitt er svo vitað, að söluhringir þessir blóðsjúga eilíft frystihúsin, meðal annars því fé sem þeir nota til að byggja upp veldi sitt í útlandinu. Ýmis frystihús gefa því ekki það sem á atvinnurekendamáli kallast "nægilegur hagnaður" og þá er hagkvæmast að loka þeim án tillits til verkafólksins og senda togarana í sölutúra til útlanda.

En arðurinn af vinnu verkafólks í sjávarútveginum, eins og öðrum framleiðslugreinum, fer á meira enn einn stað.

HVAR LENDIR GRÓÐINN?

Tínum þá til nokkra lendingarstaði gróðans frá fiskinum og fólkinu sem við hann vinnur:

- Að nokkru leyti fer gróðinn í aukin umsvif og í mörgum tilfellum óhóflegar fjárfestingar (togarakaup o.fl.), samfara skipulagsleysi og eyðingu verðmæta í fiskiðnaðinum, að viðbættu einkabruðli auðherra í sjávarútvegi.
- Góður slatti fer til olíufélaga sem selja útgerðinni olíu með ríflegum hagnaði (gróðinn af olíusölunni 1976 var 1 milljarður).
- Bankar og trygginastofnanir græða mikið á útgerð og fiskvinnslu.
- Mikið fer til heildsölu- og innflutningsfyrirtækja, sem flytja inn rekstrarvörur til útgerðar með meiru.
- Eimskip flytur út fiskafurðir og græðir vel.
- Skrifstofubákn útgerðarinnar, með allar sínar bókhaldsflækjur, tekur sinn skerf.
- Mörg krónan fer í gegn um skatta og tolla í skrifstofubákni og öðru apparati íslenska afæturríkisvaldsins, ásamt sukki ríkisauðherranna.

Framhald bls. 3

Iðnkynning í Reykjavík: Falskynning!

Dagana 19.sept.- 2.okt. er haldin Iðnkynning í Reykjavík. Um 1000 manns hafa unnið að undirbúningi hennar og kostnaður verður nokkrir tugir milljóna króna. Markmiðið: - Að sannfæra landsmenn um mikilvægi íslensks iðnaðar og nauðsyn "samvinnu þjóðarinnar". En hver er raunveruleikinn?

UNDIRSTAÐA ÍSL. IÐNAÐAR

Framleiðslutæki í iðnaði eru í eigu einstaklinga, hlutafélaga eða ríkisins. Í öllum tilvikum er það lítill hópur manna, eigendur, stjórnendur og gæðingar þeirra sem hirða eða ráðstafa arðinum af framleiðslunni. Þessi stétt ræður yfir margra milljóna kr. árstekjum á mann, glæsihúsum og bílum og vinnur í raun ekki ærlegt handtak.

Við framleiðsluna, beint eða óbeint, vinna tugþúsundir, sem eiga aðeins vinnuafl sitt til að selja sér til lífsframfæris. Verkalýðsstéttin er síðan rænd stærstum hluta verðmætanna sem hún eykur við hráefnið eða færir í hendur atvinnurekenda. Laun hennar nægja rétt til viðhalds og endurnýjunar stéttarinnar, að meðaltali 1.5-2 milljónir á ári, á fjölskyldu.

Þetta er undirstaða iðnaðarins sem atvinnurekendur bera svo mjög fyrir brjósti - skiljanlega. Og þetta andstyggilega arðránskerfi felur Iðnkynning með gljálakki,

Framhald bls.3

IÐNKYNNING Í REYKJAVÍK

ÍSLENSK ATVINNUSTEFNA

Bréf ASÍ til Verkalýðsblaðsins: Vekur fleiri spurningar en það svarar!

Í 8. tbl. Verkalýðsblaðsins var birt bréf ritstjórnar til Alþýðusambands Íslands, þar sem leitað var svara við þremur spurningum varðandi svokallaða "fastanefnd" ASÍ og atvinnurekenda.

Nú hefur ritstjórn borist svarbréf undirritað af Snorra Jónssyni, framkvæmdastjóra ASÍ, og verður ekki annað sagt um "svörin" en að þau vekji fleiri spurningar en þau svara!

Lesendum til glöggvunar birtum við hér spurningar Vbl. og svar Snorra við hverri um sig.

1. sp.: Hvenær var nefndin sett á laggirnar, hver átti frumkvæðið að því og hverjir hafa setið í nefndinni fram til þessa?

Svar: "1. a. Í heildarkjarasamningunum, sem undirritaðir voru 4. des. 1971, er ákvæði um fastanefnd svohljóðandi:

"Samningsaðilar eru ásáttir um að setja hið fyrsta á stofn fastanefnd, sem fjalli um vandamál, sem upp kunna að rísa og tengd eru samningum þessum svo og um kjaramál almennt á samningstímanum. Skal nefndin skipuð fulltrúum samningsaðila og fer um fjölda þeirra eftir nánara samkomulagi.

Samkomulag er þegar um að vísa til nefndar þessarar óútkljáðum samningsatriðum varðandi slysa- og veikindadagagreiðslur og um kauptryggingu tímavinnufólks."

b. Ekki er mér kunnugt um hverjir áttu hugmyndina að fastanefnd og heldur ekki kunnugt um að nokkrar tiltækar heimildir séu fyrir hendi um það.

c. Í nefndinni hafa átt sæti af hálfu Alþýðusambandsins: Björn Jónsson, Guðmundur H. Garð-

Framhald á baksíðu

Takið þátt í uppbyggingunni Gerist áskrifendur í dag! Pósthólf 5186

VERKALÝÐSBLAÐIÐ ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Vígbúnaðarkapphlaupið Stríð eða friður

Í sjónvarpsþætti 10.sept.s.l. sátu nokkrir spekingar úr flestum stjórnmálaflokkum saman og rugluðu um vígbúnaðarkapphlaupið. Allir voru þeir sammála um að vígbúnaður risaveldanna (annað kapítalískt og hitt "sósíalískt") stafaði af víxlverkan milli þeirra Allir prédíkuðu þeir annað hvort varnarleysi eða NATO-varnir. Allir töluðu þeir um "afvopnun" og "friðarráðstefnur".

Alþýða manna má ekki trúa orði af orðaflóði spekinganna, því þá er vonleysið víst og raunveruleikanum umturnað. Þá lendir hún í lygavef annars hvors risaveldisins.

Í raun og veru stafar aukinn vígbúnaður risaveldanna, sem bæði eru afturhaldssinnuð arðránsríki af ójafnri þróun þeirra og samkeppni um völd og markaði, hráefni og vinnuafl. Auðstéttir þeirra eyða vísvitandi um þriðjungi þjóðarauðsins í byssur í stað brauðs til þess eins að undiroka alþýðu eigin lands og annarra landa. Þetta knýr kapphlaupið milli þeirra ásamt gróðasókninni og þetta bendir ákveðið til þess að risaveldin undirbúi III.heimsstyrjöldina til þess að skipta á milli sín heiminum. Þetta földu spekingarnir.

Gegn árás og hernámi annars hvors risaveldisins munu borgaralegir herir og viðstaða auðstéttanna ekki duga þegar til lengdar lætur, heldur einungis varnar- og þjóðfrelsisstríð verkalýðs og annarrar alþýðu landanna. Allir þekkja örlög smáþjóða í II.heimsstyrjöldinni og eftir hana. Hvorki Bandaríkin eða her núverandi íslensks ríkisvalds mun tryggja framtíð og jöfnuð meðal íslenskrar alþýðu í eða eftir stríð, aðeins hún sjálf.

Notkun kjarnavopna í stríði er staðreynd, en táknar ekki tortímingu mannlífsins, því heimsvaldastefnan heimtar lifandi vinnuafl, nothæft hráefni og virkan markað. Sprengja stóra er ægilegt vopn, en þó ekki gjöreyðingartæki. Gegn henni má beita góðum almannavörnum og vissunni um að risaveldin stýra sjálf sínum stríðum eftir eigin hag.

Afvopnunarviðræður og friðarfundir eru aðeins skálkaskjól risaveldanna, nákvæmlega eins og fyrir II.heimsstyrjöldina. Þau ræða um afnopnun á sviðum þar sem hún skaðar ekki árásarmátt þeirra og vígbúast allan tímann með auknum hraða. Sjónvarpsspekingarnir voru því líftilfjörlegir handlangarar fyrir Kremlar- og Pentagonliðið.

Mestu munar ef alþýða manna afhjúpar blekkingarnar, treystir eigin mátt sinn, þvingar fram góðar almannavarnir og býr sig undir að berjast fyrir sjálfræði þjóðarinnar og sósíalísku þjóðfélagi fyrir, í og eftir styrjöld.

Eflum fjöldastefnuna

Aðalsmerki kommúnista í starfi er svonefnd fjöldastefna. Hún felst í því að kommúnistar og aðrir baráttusinnar starfa ótrauðir meðal fjöldans fyrir fjöldann og með fjöldanum.

Með fjöldastefnunni ganga menn djarfir fram í upplýsingastarfi, eru ódeigir við sölu hins kommúníska blaðs, virkir við öflun félaga í EIK(m-l) og taka þátt í eða skipuleggja baráttu.

Fjöldastefnan byggir á trausti á vinnandi fólki, á dómgreind þess, afl og baráttuvilja. Hún er forsenda þess að kommúnistar öðlist traust meðal fjöldans.

EIK(m-l) hafa ávallt lagt áherslu á fjöldastefnuna, en samtímis ekki fórnað réttri stefnu í málum til þess eins að geta státað af fjöldanum. Markmiðið er að tryggja fjöldafylgi um árangurstrygga stefnu og þar með baráttu í hverju máli.

Mikilvægt er þó að benda á að EIK(m-l) hafa gert villur varðandi fjöldastefnuna. Nú sem stendur vantar á að samtökin kasti sér oftar óhrædd út í árðurs- og baráttustarf. T.d. voru alltof fáir félagar EIK (m-l) virkir á baráttuhátíð herstöðvaandstæðinga 2.sept.sl.

Samtökin skora á félaga, stuðningsmenn og baráttusinna að efla fjöldastefnuna.

-Hér getur að líta hluta úr annars sæmilegri grein Elíasar Davíðssonar herstöðvaandstæðings í Vísi fyrir nokkru síðan. Verkalýðsblaðinu þykir samt sem áður rétt að fjalla um tvennt í grein hans - staðhæfinguna um að aðalóvinur íslenskrar alþýðu sé heimsvaldastefna Bandaríkjanna og EBE og staðhæfinguna um að "hártoganir um hvort Sovétríkin séu heimsvaldasinnuð séu út í hött".


samræmi við stefnuskrá samtakanna og á hljómgrunn meðal þorra herstöðvaandstæðinga. Allar hártoganir um það, hvort yfirgangur og ofbeldi Sovétríkjanna í garð Tékka og Slóvaka séu heimsvaldasinnuð, eru út í hött á meðan aðalóvinur íslenskrar alþýðu er heimsvaldastefna Bandaríkjanna og Efnahagsbandalagsins. Sú heimsvaldastefna birtist hér og nú í ásókn þessara aðila í orkulindir og matvæli.

Röng stefna

Varðandi fyrra atriðið þetta: Væri höfuðandstæðingur verkalýðs og annarar alþýðu hér erlend heimsvaldastefna, þá væri Ísland nýlenda eða hálfnýlenda. Raunveruleikinn gefur allt annað til kynna. Ísland er sjálfstætt ríki, þar sem innlend auðstétt, sjálf arðrænandi í öðrum löndum (Luxembourg, Bahama-eyjum, Bandaríkjunum, Nígeríu, Uruguay...), er ríkjandi. Það er því íslensk auðstétt sem er aðalandstæðingurinn. Hitt er svo rétt öðrum þræði að voldugri auðvaldsríki ásækja landið í gróðaskyni og reyna að skerða sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar sem innlenda auðstéttin selur gjarnan fyrir stundarhagsmuni.

Færi verkalýður og kommúnistar eftir forskrift Elíasar ættu þeir að styrkja stóran hluta íslenskrar auðstéttar í "sjálfstæðisbaráttu" hennar gegn erlendri ásælni eins og var gert fyrr á öldinni. Þetta er reyndar einn kjarninn í stéttasamvinnu og svikastefnu Alþýðubandalagsins.

Hið rétta er að höfuðatlögu baráttunnar verður að beina gegn erlendri ásælni til varðveislu sjálfsákvörðunarréttarins.

Varðandi síðara atriðið þetta: Hugtakið heimsvaldastefna táknar auðvald á stigi einokunarhringja og ríkisauðvalds, - alls ekki "útþenslu" sem auðstétt getur beitt eða horfið frá. Séu Sovétríkin heimsvaldasinnuð geta þau ekki verið sósíalísk (þau voru það), heldur hættulegt, árásargjarnt arðráns- og kúgunarríki. Vill Elías fela það eins og Alþýðubandalagsforystan og Fylkingin? Barátta gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, er ekki "hártogun" heldur eitt mikilvægasta atriðið varðandi framtíðina!

ÚR STARFINU

Stuðningsdeild EIK(m-l) í Kaupmannahöfn

Stuðningsmenn og þeir sem fræðast vilja um stefnu EIK(ml) í Kaupmannahöfn eiga nú kost á því að ganga í stuðningsdeild EIK(ml) og/eða leshring samtakanna. Hafið sem fyrst samband við Sigrúnu Ágústsdóttur, Öresundskollegiet, S-102, Dalslandsgade 8, 2300 København S.

EIK(ml),Khöfn.

Sendinefnd KPD/ML

Í sumar dvaldi hér sendinefnd KPD/ML frá Þýskalandi. Fulltrúar KPD/ML og EIK(ml) áttu með sér viðræður um stéttabaráttuna í hvoru landi og alþjóðaástandið.

Viðræðurnar voru gagnlegar og vinsamelgar og munu EIK(ml) þiggja boð flokksins til Þýskalands í haust eða vetur.

SJÁLFSTÆTT

Framhald af bls.3

áháð gildistöku heimastjórnarskipulagsins - stefna menningu þjóðar vorrar og Grænlendingum sjálfum sem þjóð í mikla hættu, og af því að: við erum þeirrar skoðunar, að heimastjórn á að vera innanlandsmál, þar sem Grænlendingar sjálfir hafi orðið. Lýsum við yfir og krefjumst hér með að:

1. Aðeins grænlenska þjóðin eigi sitt eigið land og hafi yfirráðaréttinn yfir öllum náttúruauðlindum þess og auðæfum.
2. Aðeins grænlenska þjóðin ákveði pólitískt hvernig framleiðslan, menntunin, efnahagurinn og stjórnmálin eigi að þróast í hennar eigin landi.

3. Öll leyfi til vinnslu olíu og málma verður að draga til baka og áætlaðar úthlutunaráætlanir verður að stöðva þegar í stað, vegna þess að tillitið til og verndun náttúrunnar er alls lífs er óaðskiljanlegur hluti hugsanahátta og menningar grænlensku þjóðarinnar.

Aussivik - 77 hefur ákveðið, að ef ofangreind atriði eigi að verða reunveruleg, þá verður það að gerast með upplýsingastarfi og samvinnu með sameiginlegt markmið fyrir augum.

Inuit Atakatigit mun fyrst í stað samræma starfið og ennfremur er það æskilegt að stofnað verði um strandlengjuna endilanga Inuit Atakatigit með samtakabundinni miðstöð.

18.7.1977

Evrópa sefur. Pólitíkusar láta það ekki raska ró sinni að öll álfan sé orðin ein heljarstór púðurtunna, sem getur sprungið hvenær sem er. Þeir tala aftur á móti um "þýðu". Risaveldin tvö vígbúast og keppa um heimsyfirráðin.

LESENDABRÉF

Ég hef verið röttækur í nokkurn tíma og hallast að Alþýðubandalaginu. En lestur Þjóðviljans hefur ekki aukið álitið á flokknum, heldur minnkað það verulega. Hvernig getur sósíalískt blað sem þykist tala máli verkalýðsins hampað atvinnurekendapakki í löngum greinum og viðtölum? Gefið út aukablöð um íslenska atvinnustefnu - það er að segja um hvernig styrkja eigi þetta spillingar- og arðránskerfi.

Þó gekk alveg fram af mér þegar blaðið hampaði þessari auglýsingarbrellu - Heimilissýningunni í Laugardal - og smjaðraði meir að segja fyrir Gulla í Karnabæ sem okrar á fötum á fólk eins og mig. Því segi ég: Segið Þjóðviljanum upp og snúið baki við Alþýðubandalaginu.

Iðnskólanemi.

Samtíningur

Það varð ljóst við síðustu kjarasamninga að láglaunafólk á Íslandi á sér aragrúa stuðningsmanna sem allir eru eldheitir áhangendur launajafnaðar. Hver sá sem opnaði munninn til að lýsa afstöðu sinni til kjarasamninga lét það fljóta með að launajöfnun væri mikið réttlætismál sem viðkomandi studdi heilshugar. Skipti það engu hvar í flokki eða stétt menn stóðu, eða í hvaða blöð þeir skrifuðu. Nú blasir sú staðreynd við að láglaunafólkið er enn láglaunafólk - og stuðningsmennirnir hafa fremur hægt um sig þessa dagana.

Sá grunur hefur því læðst að mörgum láglaunamanninum að eitthvað annað hafi legið að baki stuðningsyfirlýsingunum en ást á launajöfnuði. Það hefur jafnvel verið nefnt að árásirnar á "sérkröfuhópana", sem ætlað fylgdu á eftir stuðningsyfirlýsingunum til láglaunafólksins, hafi verið dæmigerð aðferð til þess að sundra verkafólki - beina athygli þess að ímynduðum óvini og frá hinum rétta.

Stuðningur Morgunblaðsins, Jóns H. Bergs, Sigurðar Líndals (einn af höfundum tillögunnar að nýrri vinnulöggjöf sem liggur í skúffu Gunnars Thoroddsens) og Björns Jónssonar við "láglaunastefnuna" gefur vissulega tilefni til bakþanka.

Aríðandi til lesenda

Verkalýðsblaðið kemur nú út tvisvar í mánuði. Mikilvægu skrefi er náð og árangur átaka íslenskra kommúnista er augljós.

En EIK(ml) fara sér hægt og bítandi í sakirnar. Þess vegna eru blöðin í september og október 4gra síðna. Í nóvember verða þau 6 og 4gra síðna, en fljótlega 6 síður í bæði skiptin mánaðarlega. Verð er ávallt 100kr. eintakið, sama hvort blaðið sé 4,6 eða 8 síður.

Fjársöfnuninni fyrir prentsmiðjuna gengur vel en innheimta áskrifta miður. Oft er um að kenna sinnuleysi áskrifenda. Skuldir þú, lesandi sæll, áskrift, greiddu hana þá með póstávísun í pósthólf 5186,RVK 105, eða á gíró 12200--9 Verðið er 1500 kr. fyrir allt árið 1977 800 fyrir hálft. Ef ekki gengur verður að heimsækja þig, en það kostar óþarfa vafstur.

Október s/f og EIK(ml) vilja afsaka misfellur í auglýstum opnunartíma að Laugavegi 178 í sumar og nú sl. vikur að Óðinsgötu 30. Stafa þær af sumarleyfum, önnum og misræmi í skipulagningu afgreiðslustarfa þar. Þetta stendur til bóta í lok september og áfram.

ATHUGIÐ! VIÐ HÖFUM FENGIÐ NÝTT SÍMANÚMER: 29212

Verkalýðsblaðið, Október s/f, EIK(ml).

Október í nýtt húsnæði

OKTÓBER-FORLAGIÐ ER FLUTT AÐ ÓÐINSGÖTU 30

OPNUNARTÍMI AFGREIÐSLUNNAR VERÐUR:
MIÐVIKUDAGA - 17-19
FÖSTUDAGA - 17-19
LAUGARDAGA - 14-16

KAUPIÐ OKTÓBER-BÆKURNAR! LÍTIÐ VIÐ Í SÖLUNA AÐ ÓÐINSGÖTU 30.

SÍMI 29212

Noregur: Fasisminn ber á dyr

Okkur Íslendingum hefur löngum verið talin trú um að hjá vinum okkar og bræðrum á Norðurlöndum sé stjórnarfar ákaflega milt og stöðugt.

Kosningabaráttan fyrir þingkosningarnar í Noregi nú í september sýndi að svo er alls ekki. Niðurstöður kosninganna eru líka ljóst dæmi um þá valdbeitingu sem notuð var og er. Okkur hefur verið sagt að fullt tjáningar frelsi ríki í Noregi. Þó var einum framboðsaðila, eina bylting arsinnaða valmöguleikanum, neitað um að taka þátt í öllum umræðum í útvarpi og sjónvarpi. Þessi fjölmiðill ríkisins gekk svo langt að sniðganga líka allar fréttatilkynningar Rauða kosningabandalagsins. Þó svo að mikill fjöldi verkalýðsfélaga, baráttuhreyfinga og einstaklinga hafi samþykkt á fundum sínum og undirritað kröfu um jafna þátttöku Rauða kosningabandalagsins og annarra í útvarpsdagskránni, þá beit ekkert á þessa pólitísku ritskoðun. Síðustu daga fyrir kosningarnar var þrýstingurinn orðinn svo mikill, að formaður sjálfs ríkisstjórnarflokksins, "Verkamannaflokksins", sagðist vera því samþála að rétt væri að Rauða kosningabandalagið fengi að taka þátt á jöfnum grundvelli og aðrir.

FANGELSANIR OG ÁSAKANIR UM LANDRÁÐ.

Klassekampen, dagblað Kommúnistaflokks Verkamanna og systurblað Verkalýðsblaðsins birti s.l. vor leynileg skeyti frá heræfingum NATO. Skeyti þessi lýstu æfingu á kjarnorkusprengjuárás á Noreg og N-Þýskaland. Skeytin sögðu líka frá því að í stríði við Sovétríkin myndi NATO ekki verja Norður-Noreg, heldur yfirgefa landshlutann og setja upp varnarlínu sunnan við miðjan Noreg. Þessar upplýsingar snerta alla alþýðu Noregs og alla alþýðu utan Noregs. Þarna er sagt frá því að verið sé að æfa kjarnorkusprengjuárás. Ritstjóra Klassekampen hefur nú verið stefnt fyrir rétt og sakaður um að vinna gegn öryggi landsins (!!) og krafist hörðustu refsingar, allt að 15 ára fangelsi. Fyrir skömmu birti svo Klassekampen innihald telex-skeytis frá norska sendiherranum í Moskvu til norsku ríkisstjórnarinnar. Þetta skeyti segir frá fundum norskra og sovéskra valdamanna út af landamæralínunum í Barentshafi, að norsku samningamennirnir hafi legið marflatir fyrir áskön þeirra sovésku Tveim dögum fyrir kosningarnar birti Klassekampen nýtt skeyti frá sendiherranum í Moskvu til ríkisstjórnarinnar í Oslo. Þar segir enn af samningunum um skiftingu Barentshafsins. Sovésku samningamennirnir sögðu að "Æðsta ráðið myndi aldrei leyfa" miðlínuskiftingu... en þeir buðust til að halda samningum áfram "til þess að sýnast". Enn eru norsku samningamennirnir dregnir á asnaeyrum og á þeim traðkað og þeir gerðu sér þetta að góðu, því ekki var sagt eitt aukatekið orð frá þessu í Noregi fyrr en Klassekampen birti skeytin. Fyrir þetta er nú blaðið og ritstjóri þess ofsótt og hann ásakaður um landráð.

Mynd: Finn Sjue, ritstjóri Klassekampen, málgagns AKP(ml) systurflokks EIK(ml) í Noregi.

Pólitískt ástand í Noregi er ókyrrt og mikill baráttuhugur í verkafólki. Kosningarnar nú breyta engu þar um. Það hefur nú gerst aftur og aftur í Noregi að sá sami verkalýður sem kosið hefur Verkamannaflokkinn á þing, hefur ekki látið Verkamannaflokkinn segja sér fyrir verkum í kjarabaráttunni.

Verkalýðsblaðið sendir félögum sínum og samherjum í Noregi baráttukveðjur. Við styðjum baráttuna gegn nasisma og fasisma hvar sem er í heiminum og við berjumst gegn nasisma og fasisma af öllu afli strax, áður en svona afturhaldsdraugur nær að vaxa.

Verkalýðsblaðið mun skrifa nánar um þróun og ástand baráttunnar í Noregi í næstu blöðum.

Iðnkynning

Framhald af forsíðu

verslunarbrosum og froðusnakki um "velferð, stéttasamstöðu og hófsemi".

ÞÁTTUR "VERKALÝÐSFORINGJANNA"

Og hvar eru svo talsmenn stéttarinnar, skriffinnarnir úr stjórnum stéttarfélaganna, Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins? Segja þeir ekki sannleikann og hvetja stéttina til andstöðu?

Nei - þeir eru aðilar að sjónleiknum, sjálfir snúningapiltar atvinnurekenda, allt frá Birni Bjarnasyni, form. Landssambands ísl. iðnverkafólks til Sjálfstæðisflokkspáfanna. Þeir halda ræður, þakka stritvinnufólkinu fyrir gott starf og hvetja til "atvinnulýðræðis" og annarrar samvinnu við höfuðandstæðinginn - auðstéttina og ríkisvald hennar.

FRAMLEIÐSLUTÆKIN Í HENDUR VERKAFÓLKS OG ALÞÝÐU

Raunverulegir hagsmunir vinnandi fólks eru ekki andstæðir íslenskum iðnaði. En sá iðnaður er ekki iðnaður atvinnurekenda - heldur sósíalískur iðnaður, þar sem verkalýðurinn og bandamenn hans hafa öll pólitísk og efnahagsleg völd. Það tekur langan tíma að byggja slíkan iðnað og fyrsta skrefið er valdataka hins berjast gegn allri samvinnu auðstéttar og verkalýðs, láta atvinnurekendur bera allar byrðar iðnaðarins, berjast fyrir bættum kjörum og láta ekki atvinnurekendur og þjóna þeirra hræða sig til "samábyrgðar" á iðnaðinum svo Ísland megi eflast. Ísland eflist aldrei meðan þeir hafa völd, heldur aðeins auðstéttin á kostnað alþýðu.

EIK(m-l) hvetja vinnandi fólk til að hundsa Iðnkynninguna, þótt margt freisti augans og þreytts vinnufólks til dægradvalar. Samtökin munu efna til mótmæla gegn markmiði Iðnkynningar og m.a dreifa dreifiriti í því skyni.

GANGIÐ EKKI TIL SAMSTÖÐU MEÐ ATVINNUREKENDUM!

Frystihúsamálin

Framhald af forsíðu

Þá má geta þess, að þeir sem selja eða þjóna útgerðinni, hagnast á hennar kostnað af verðbólgunni. Æði margir verða því til að gína yfir arðinum. En krafa hins atvinnulausa fiskvinnslufólks hlýtur að vera a.m.k. tvöföld:

1. Full atvinna handa fiskvinnslufólki.
2. Stuðningur auðvaldsins við frystihúsin verði ekki í formi enn aukinna álaga á verkalýð og alþýðufólki öllu (t.d. með gengisfellingum, skattheimtu o.s.frv.). Hið síðarnefnda þýðir í raun: TÖKUM ENGA ÁBYRGÐ Á KREPPU AUÐVALDSINS!

utan úr heimi

lönd vilja sjálfstæði
þjóðir vilja frelsi
alþýðan vill byltingu

Kampuchea: Rógur um byltinguna

Ekki linnir uppsláttarfréttum hérlendra fjölmiðla um ástandið í Kampucheu (Kambódíu). Í stað þess að skýra frá þeim miklu sigrum sem alþýða landsins hefur unnið í baráttunni fyrir uppbyggingu landsins eftir margra ára hernað heimsvaldasinna, þá keppast bæði ríkisútvarp og Morgunblaðið við að búa til blóðbað, sem ekki á sinn líka.

Enn hamast stuðningsblöð heimsvaldasinna gegn Kampucheu - alltaf eru "nýjar" og "nýjar" vitni leidd fram á sjónarsviðið til að vitna um linnulaust ofbeldi og blóðþorsta "rauðu Khmeranna". Íslenskir afturhaldssinnar eru ekki eftirbátar kolleganna sinna erlendis í þessari iðju, Elín Pálmadóttir, blaðamaður Morgunblaðsins, lýsir landinu sem "allsherjar þrælabúðum, þar sem fólkið stráfellur". Hún hefur þó aldrei til landsins komið.

Gunnar Eyþórsson, fréttamaður Ríkisútvarpsins, segir skipuleg fjöldamorð eiga sér stað - kvótinn er að hans sögn 4 milljónir af um 6 milljónum íbúa landsins. Hann hefur heldur ekki stigið fæti inn fyrir landamæri Kampucheu.

Heimildirnar eru ýmist franskir nýlendusinnar eða flóttamenn sem segja ýmsar furðusögur - sem stangast á við margar þekktar staðreyndir um ástandið í landinu. Sem dæmi um slíkar sögur (að öllum líkhrúgurfrásögnunum frátöldum) er sagan um að "rauðu Khmerarnir" hafi lagt niður alla skóla í landinu.

Kjarni áróðursins er að stjórnvöld landsins vinni að skipulegri útrýmingu mikils hluta íbúanna - og að grimmdin sé yfirgengileg. Stuðningsmenn þessa áróðurs eru margir. Á eina hlið hafa safnast Morgunblaðið, gamlir nýlenduherrar, CIA, bandarískir stríðsglæpamenn, franskir endurskoðunarsinnar og jafnvel Árni Bergmann (sjá Þjv. 10.okt.1976).

Allar sögur heimsvaldasinnanna um "hryllinginn" í Kampucheu hafa jafnóðum verið bornar til baka og sýnt fram á fáránleika áróðursins. Slíkar fréttir rata að vísu ekki í þá fjölmiðla sem iðnastir eru við fjöldamorðin - enda væri þá myndin eyðilögð fyrir blóðbaðsdýrkendunum. Í stuttu máli (ítarlegri skrif um þetta mál verða á öðrum vettvangi sökum rúmleysis í Vbl.) þá hafa sögurnar verið afsannaðar og heimildirnar oft afhjúpaðar sem stuðningsmenn heimsvaldasinna (þessir heimildarmenn eiga það sammerkt að minnast aldrei á þau 800,000 mannslíf sem týndust í sprengjuárásum Bandaríkjanna á Kampucheu) Ennfremur hafa ljósmyndir sem sýna eiga aftökur ofl. verið afhjúpaðar sem tilbúningur. Og oft hafa vestrænir blaðamenn staðið að afhjúpununum.

Það er ljóst að bandarísku heimsvaldasinnarnir liggja á bak við þennan skemmdaráróður. Þeir reyna að telja alþýðu heimsins trú um að íbúar Kampucheu hafi verið betur komnir undir sínum yfirráðum í stað þess að vera herrar í eigin landi.

Sókn í baráttu gegn nýlendustefnu
SJÁLFSTÆTT KALATDLIT NUNAT

Andstaðan gegn dönsku nýlendukúguninni vex hröðum skrefum í Kalatdlit Nunat (Grænlandi). Nýlega var Anker Jörgensen, forsætisráðherra Dana í heimsókn í Kalatdlit Nunat. Var þar kominn helsti fulltrúi fyrir danska nýlenduokið og honum enda mætt með hörðum aðgerðum, mótmælastöðum og fundum.

Skýrasta merki þessarar vaxandi andstöðu er AUSSIVIK. Aussivik (sem merkir sumaraðsetur og á sér gamla þróun. Aussivik var oft staðurinn þar sem fundir voru haldnir og sameiginleg vandamál rædd) er árlegur sumarfundur, opinn öllum, sem ræða vilja um vandamál og framtíð Kaladlit Nunat. Hann var haldinn í fyrsta sinn í fyrra. Umræðurnar þá urðu til mikils gagns og hvatning til margra. Nú í ár boðuðu 1150 manns þátttöku sína. Öll grænlenska þjóðin telur um 40þús. íbúa dreifða um geysivíðáttumikið land. Þáttakan í Aussivik - 77 var því frábærlega góð.

Íslenskur verkalýður og íslensk alþýða!: Grænlenskur verkalýður og grænlensk alþýða berst mikilli baráttu gegn voldugum fjanda. Við þekkjum þennan fjanda af aldalöngu oki; einokunarkaupmenn og þrældómur fyrir danska yfirstétt - þetta var okkar saga, EN þetta er saga Grænlendinga í dag. Styðjum grænlensku þjóðina í baráttu hennar fyrir sjálfstæði KALADLIT NUNAT.

EIK(ml) og Verkalýðsblaðið styðja af alhug baráttu grænlensku þjóðarinnar fyrir þjóðlegu sjálfstæði. Verkalýðsblaðið birtir hér samþykkt þá sem gerð var á Aussivik 1977.

AUSSIVIK - 77 í K'utdligssat ÁLYKTUN.

Af því að: við grænlendingar höfum lifað sem sjálfstæð þjóð við heimsskautaaðstæður í þúsundir ára, og
af því að: við höfum, með því að nytja lifandi og ekki lifandi að nytja lífrænar og ólífrænar auðlindir lands vors öðlast á sögulegan hátt bæði efnaleg og menningarleg sérkenni og styrkleika sem ein þjóð, og
af því að: við höfum í meira en 250 ár lifað sem kúguð þjóð í nýlendu og gerum enn, og
af því að: við höfum öll þessi ár í nýlenduoki verið rænd sjálfsákvörðunarrétti okkar, ábyrgðarvitund og sjálfstæði og okkur hefur verið stýrt pólitískt og skipað fyrir á allan hátt, og
af því að: við, vegna hinnar altæku stjórnunar frá miklu stærra og sterkara valdkerfi á sviði framleiðslu, uppeldismála, menntunar, orkumála og menningarlífs, erum geysilega niðurbrotin og gerð vanmáttug, og
af því að: stjórnarskrá ríkisins Danmerkur og aðrir pólitískir lagabókstafir eru þrátt fyrir sameinaða andstöðu, neyddir með valdi upp á grænlensku þjóðina. Því viljum við vekja á því athygli að við getum alls ekki með nokkru móti samþykkt og viðurkennt þesshátta r grundvallandi aðstæður í grænlenska samfélaginu, vegna þess að við höfum aldrei tekið þátt í að þróa þessi lög til að gilda í dag, og

af því að: við, sem litið er á sem fyrsta fólkið á Grænlandi höfum samt ekki fengið hina minnstu viðurkenningu, já áhuga af hálfu danska ríkisins fyrir þessari sögulegu staðreynd: að þetta land sé vort, og
af því að: sjálfsákvörðunarréttur okkar er ekki nógu greinilega staðfestur í væntanlegum lagaákvörðunum heimastjórnunar, og
af því að: erlend einokunarauðfélög olíu- og málmsamsteypur -

Framhald bls.2

Þessir borðar voru hengdir upp við bryggjuna í K'utdlissat. Á borðunum stendur "Kúgaðir allra landa, sameinist!" "Sameinuð stöndum við sterk!" "Velkomin til Aussivik - 77.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

ÁBYRGÐARMAÐUR : ALBERT EINARSSON

Áskrift: kr. 1500
Stuðningsáskrift: kr. 2500

ÓÐINSGÖTU 30
Pósthólf 5186, Reykjavík
SÍMI: 29212 - 35904

Málgagn EIK(m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á giró 12200 - 9

LANDBÓKASAFNIÐ
v/ Hverfisgötu
101 R-vík

Hvar stöndum við að loknum kjarasamningum

Verðhækkanir í sífellu

Verkalýðsblaðið hefur undanfarna mánuði gert grein fyrir afdrifum 180.000 krónanna frægu frá því í júnísamningunum. Enn saxast á þær, án þess að bætur fáist fyrir. Fyrstu dagana í september skall á verðhækkanaskriða. Ríkisvald auðvaldsins herðir kreppuólina að verkafólki og allri vinnandi alþýðu.

* gengisfellingin hækkar innfluttar nauðsynjavörur.
* bensínhækkun þýðir 1200kr. aukin útgjöld á mánuði fyrir meðalfjölskyldu.
* bílmiðinn stórhækkar.
* dagblöðin hækka.
* landbúnaðarvörur hækka.
* dagvistargjöld stórhækka.
* o.s.frv, o.s.frv.

Vegna ákvæða í rammasamningnum verður hækkun landbúnaðarafurða ekki bætt að öllu leyti. Aðrar hækkanir fær alþýðan að bera lítt eða óbættar. Hagstjórnarsérfræðingum ríkis, atvinnurekenda og Alþýðusambands verður ekki skotaskuld úr því að finna upp ráðstafanir til að koma í veg fyrir nægjanlega mikla launahækkun til að mæta verðhækkunum nauðsynjavara. Það hafa þeir alltaf gert og munu enn gera á meðan við leyfum þeim að gera það.

Verkafólk og framsækin alþýða! Sú launahækkun sem okkur var rétt í júní var lítil, raunar var um launalækkun að ræða miðað við febrúarsamningana 1974. 18.000 krónurnar hrökkva skammt þegar nauðsynjavörurnar sem við þurfum daglega hækka um miklu meira en 18.000 krónur á mánuði.

Verkafólk! Eru það verk okkar sem eru minna metin. Er vinnuafl okkar svona miklu lélegra en félaga okkar erlendis, sem fá helmingi meira fyrir vinnu sína en við? NEI, þessu er ekki svona farið. Þetta ástand er okkur sjálfum að kenna. Það erum við sem gefum höggstað á okkur og látum atvinnurekendur og ríkisvald þeirra fara illa með okkur. Það er einungis baráttа gegn þessarri gengdarlausu kaprânsherferð að við náum okkar rétti fram og getum bætt kjör okkar.

Verkalýðsblaðið hefur fylgt þessum málum eftir í sumar. Við munum í næstu blöðum birta nánari útreininga á stöðunni eftir kjarasamningana. Verkalýðsblaðið byggir tölur sínar ekki á hagspám og reiknilistum þeirra hagstjórnarsérfræðinga sem kunna þá list best að svíkja verkalýðinn um réttmæt laun sín. Skiftir okkur þá engu hvort þessir hagspekingar kalla sig alþýðubandalags- eða fylkingar- eða úr röðum annarra borgarasamtaka. Verkalýðsblaðið reiknar út frá þeim krónum sem verkalýðurinn og vinnandi alþýða í raun og veru hefur milli handanna til kaupa á nauðsynjum. Það dæmi sýnir að launin fara lækkandi en ekki hækkandi eins og hagspekingarnir segja.

Gegn kaupráni og fjöldauppsögnum! Það er einungis barátta sem færir okkur betri kjör og betra líf!

Vegna HEKLU-málsins

VERKALÝÐSBLAÐIÐ hefur heyrt ámæli um afstöðu EIK(ml) til baráttu verkafólks Hótel Heklu í byrjun ágúst sl. Blaðið leitaði til formanns EIK(ml) og bað hann að gera grein fyrir afskiptum EIK(ml) af þessu máli.

Ari T. Guðmundsson hafði þetta að segja:

- Til mín var leitað símleiðis stuttu fyrir mánaðarmót í júlí og samtökin boðuð á fund með fulltrúum ýmissa samtaka. Þar ætlaði starfsfólk hótelsins að gera grein fyrir máli sínu. Fundurinn var eiginlega hafinn þegar hringt var til mín og engin tök á að sinna boðinu. Síðan hafði ég samband við Jón Danfelson, úr hópi starfsfólksins, og við áttum með okkur fund þar sem farið var fram á aðstoð við mögulega verkfallsvörslu í ágústbyrjun. Hét ég stuðningi og átti að hafa samband við Jón um verslunarmannahelgina.

Þá helgi héldu EIK(ml) ráðstefnu utan Reykjavíkur og því ófær um að leggja verulegt lið fram, en á það reyndi ekki því ég mundi ekki eftir lofuðu símtali til Jóns. Ekki kom þetta þó verulega að sök því verkfallsvörslu varð fyrst þörf að kvöldi mánudags 1.ágúst, en þá var aftur hringt og mér sagt að okkar væri ekki þörf þar eð samningar hefðu tekist.

Í umsögn VERKALÝÐSBLAÐSINS um málið var ein villa, en þar var ranghermt að fólkinu hefði verið sagt upp eftir deiluna. Þau sögðu sjálf upp. Greinin benti bæði á jákvæðar og neikvæðar hliðar á baráttu verkafólksins og studdi augljóslega málstað þeirra eins og vera ber. Villurnar tvær, gleymt símtal og villa í blaðagrein, ber okkur að gagnrýna en þær breyta því ekki að sögur um "svik" eða "sinnuleysi" EIK(ml) eru uppspuni, sagði Ari að lokum.

Bréf ASÍ til Vbl...

Framhald af forsíðu

arsson, Benedikt Davíðsson, Jón Sigurðsson og Magnús Geirsson."

"FJÖLMÖRG ÁGREININGSMAL RÆDD"

2. sp.: Í hverju hefur starf nefndarinnar verið fólgið, t.d. fyrir gerð kjarasamninga? Hefur hún skilað niðurstöðum/álitum sem Verkalýðsblaðið getur fengið aðgang að til úrvinnslu og birtingar?

Svar: "Nefndin hefur rætt fjölmörg ágreiningsmál, sem upp hafa komið og hafa fulltrúar Alþýðusambandsins við slík tækifæri haldið fast fram stefnu verkalýðssamtakanna og gætt hagsmuna þeirra."

3. sp.: Liður 5 í starfsskrá "fastanefndar" kveður á um að nefndin skuli fjalla um "setningu reglna um gerð kjarasamninga". Hefur verið fjallað um þennan lið, og ef svo er, hverjar hafa verið tillögur ASÍ-fulltrúa þar að lútandi?

Svar: "Í fastanefnd hafa og farið fram umræður um hugsanlegar breytingar á reglum um gerð kjarasamninga. Um þetta hefur hinsvegar ekki orðið nein sameiginleg niðurstaða í nefndinni.

Engar tillögur hafa fulltrúar Alþýðusambandsins í fastanefnd lagt fram í þessu efni."

LEYNIMAKK

"Svör" Snorra Jónssonar eru allsendis ófullnægjandi og í þeim er fátt eitt bitastætt að finna. Hver eru t.d. hin "fjölmörgu ágreiningsmál", sem rædd hafa verið; hvernig hafa ASÍ-foringjarnir túlkað "stefnu verkalýðssamtakanna" í þessu leynimakki við atvinnurekendur (hefur það t.d. verið í samræmi við það afrek ASÍ, að semja upp á meðaldagvinnukaup langt fyrir neðan 100 þús. á mánuði, á sama tíma og það er skjalfest stefna ASÍ-þings að ná fram a.m.k. 100 þús. króna lágmarkslaunum á mánuði?!); um hvað hafa umræður um "hugsanlegar breytingar á reglum um gerð kjarasamninga" snúist og svo mætti lengi spyrja. En aðalatriðið er þó það, að ASÍ-páfunum finnst á engan hátt athugavert að taka yfirleitt þátt í slíkum baktjaldaviðræðum við atvinnurekendur. Eða hver er afstaða ASÍ til fyrirbæra á borð við "fastanefndina"? Hún hlýtur að vera mjög jákvæð, annars myndu ASÍ-broddarnir auðvitað ekki taka þátt í makkinu!

Verkalýðsblaðið ítrekar enn spurningar sínar til Alþýðusambandsins og krefst skýrra svara. Blaðið hvetur verkafólk almennt til að þrýsta á um að baktjaldamakkið verði afhjúpað og að það verði alfarið fordæmt!

11. þing Kommúnistaflokks Kina

„EFLA BER EININGU MARX-LENINISTA"

-sagði Húa Kúo-feng

Hinn sigursæli Kommúnistaflokkur Kína hélt 11. flokksþing sitt í ágúst s.l., hið fyrsta síðan Mao Tsetung, fyrrum formaður, lést og hið fyrsta eftir að baráttan gegn afturhaldspólitík "fjórmenninganna" svokölluðu hófst. Þingið sóttu yfir 1.500 fulltrúar um 35 millj. flokksfélaga KFK, en áður hafði þingið verið undirbúið með umræðum í stórum og smáum einingum um allt Kína.

Á 11. þinginu flutti félagi Hua Kuo-feng, formaður, ræðu um ástandið í Kína og baráttuna framundan, einnig var rætt um breytingar á reglum flokksins og ný miðstjórn kjörin.

Hua Kuo-feng kom víða við í ræðu sinni. Hann sagði nauðsynlegt að starfa stöðugt á grundvelli marx-leninismans - kenninga Mao Tsetungs og efla enn baráttuna fyrir áframhaldandi og stöðugri sósíalískri byltingu í Kína. Þannig styrktust og efldust völd verkalýðs og vinnandi alþýðu í landinu.

HUA KUO-FENG FORMAÐUR KFK HELDUR RÆÐU VIÐ OPNUN HINNAR MIKILVÆGU ÞJÓÐLEGU RÁÐSTEFNU UM AÐ LÆRA AF TACHING Í IÐNAÐI

Hann sagði jafnframt að þó alþýðan í Kína hafi unnið marga og merka sigra á undangengnum árum, þá þýddi það ekki að stéttabaráttunni í landinu væri með öllu lokið. Þvert á móti bæri að leggja áherslu á orð Maos: "Gleymið aldrei stéttabaráttunni!" og í samræmi við það berjast stöðugt á grundvelli stéttarhagsmuna verkalýðsins gegn öllum hugmyndum sem rekja mætti til leifa fallinna arðránsstétta í Kína.

Hua vék einnig að alþjóðaástandinu og lagði áherslu á að Kína héldi á lofti alþjóðahyggju verkalýðsins í utanríkismálum og inni að aukinni samstöðu gegn risaveldunum tveimur, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, og stríðsundirbúningi þeirra. Hann kvað stafa meiri stríðshættu frá Sovétríkjunum um þessar mundir.

EINING MARX-LENÍNISTA

Hua benti á nauðsyn þess að efla einingu Kína og allra raunverulegra marx-lenínista í veröldinni og berjast óvægilega gegn nútíma endurskoðunarstefnu á marx-lenínismanum.

Í lok ræðunnar fjallaði Hua um hið ágæta ástand sem nú ríkir í kínversku þjóðfélagi, bæði pólitískt og efnahagslegt. Hann hvatti alþýðuna til aukinnar baráttu gegn afturhalds- og endurskoðunarstefnu, í því skyni að herða flokkinn, ríkið og sósíalíska mennt og menningu í Kína.

FJÖLDASTARFIÐ MIKILVÆGAST

Teng Hsiao-ping, varaformaður, flutti lokaræðuna á 11. þinginu. Hann sagði þingið tákna nýja sigra fyrir kínverskan verkalýð og kommúnista, en enn væri þó við margvíslegan vanda að glíma. "En svo framarlega sem við treystum alþýðufjöldanum og reiðum okkur á hann, getum við yfirstigið þessi vandamál eitt á fætur öðru og fagnað einum sigri á fætur öðrum", sagði hann.

Kveðja til Kommúnistaflokks Kina

Þann 9.september s.l. var eitt ár liðið frá láti félaga Mao Tse tungs formanns Kommúnistaflokks Kína. Hinni djúpu sorg, sem fráfall hans olli kínversku þjóðinni og framsækinni alþýðu um allan heim hefur verið snúið upp í styrk til nýrrar sóknar og sigra. Þar hefur kínverska alþýðan með kommúnistaflokk sinn og Hua Kuo-feng formann í fremstu víglínu verið lýsandi fordæmi.

EIK(ml) sendu Kommúnistaflokki Kína og formanni flokksins Hua Kuo-feng svohljóðandi kveðjur þann dag:

"Í dag er eitt ár liðið frá andláti hins mikla marx-lenínista og leiðtoga, félaga Mao Tsetung. Bæði sorg og gleði bærist í hjörtum íslenskra kommúnista og framsækinnar alþýðu.

Við syrgjum fráfall Maos formanns, mesta marx-lenínista okkar daga og mikilhæfs leiðtoga byltingar og kínversku alþýðunnar.

Við gleðjumst yfir áframhaldi sósíalísku byltingarinnar í Kína, sem nú framrás á öllum sviðum í Kína, formaður Hua Kuo-feng og hin nýja miðstjórn, 11.flokksþingið og fullkominn sigur yfir "fjöguramannaklíkunni" eru fulltrúar fyrir.

Kenningar Maos formanns eru stöðug uppspretta marx-lenínisma fyrir íslenska kommúnista og verkalýðsstétt og verk hans eru glóandi kveikja hugmynda. Við heiðrum minningu hans með því að styrkja og auka í sífellu baráttu okkar fyrir sósíalisma og kommúnisma í landi okkar, í baráttunni gegn afturhaldi, heimsvaldastefnu og endurskoðunarstefnu.

Kommúniskar alþjóðakveðjur fyrir hönd miðstjórnar EIK(ml) Ari T. Guðmundsson formaður".

Njósnað um flóttamenn

Í stokkhólmi hefur sendiráð Tékkóslóvakíu stundað nákvæma skrásetningu á u.þ.b. 4000 tékkneskum flóttamönnum, sem búa í Svíþjóð.

Flóttamönnunum er stefnt í sendiráðið, þar sem þeir fá tilboð um að koma sambandi sínu við heimalandið í eðlilegt horf. Til þess að fá flóttamannaleyfi eru þeir neyddir til að gefa svör við löngum spurningalista og leggja fram 700 til 800 sænskar krónur (28 til 35 þús. ísl. kr.). Ef þeir svo fá flóttamannaleyfi um síðir verða þeir að borga 5000 - 10000 s.kr. (200 til 400 þús.kr.) til viðbótar.

Sænska sjónvarpið/Klassekampen.